



**Schola Akureyrensis**

**Franska 1A050  
Haustönn 2011 - 1CDEFI**

**Námsefni:**

Régine Mérieux og Yves Loiseau. 2009. *Latitudes* 1. Dider. (Lesbók og vinnubók).  
Lesnir verða kaflar 1-4.

**Lýsing á efni áfangans:**

Megináhersla er lögð á að kenna nemendum undirstöðuatriði tungumálsins, nemendur eru æfðir í að hlusta, tala, lesa, og skrifa á frönsku. Mikil áhersla er lögð á að nemendur þjálfist í réttum framburði og er þeim þætti sinnt bæði með hlustun og talæfingum sem og útskýringum á hljóðkerfi frönskunnar. Farið verður í nokkur grunnatriði málfræðinnar og fer kennslan fram með hliðsjón af færnimarkmiðum áfangans.

Áhersla er lögð á uppbyggingu orðaforða sem tengist nemandanum og hans nánasta umhverfi. Auk kennslu í tungumálinu er varpað ljósi á þætti sem tengjast frönskumælandi þjóðum, franskri tungu og menningu, m.a. með tónlist og myndefni. Nemandi þjálfist strax frá byrjun í að taka ábyrgð á eigin námi, m.a. með sjálfstæðum vinnubrögðum og upplýsingaöflun.

**Lokamarkmið áfangans:**

**Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:**

- þeim orðaforða sem nauðsynlegur er til að ná leikni- og hæfnimarkmiðum áfangans
- grunn atriðum fransks málkerfis: framburði, tónfalli, einfaldri setningaskipan og málfræði
- frönskumælandi löndum, sér í lagi frönskumælandi þjóða í Evrópu, og fengið innsýn í menningu og siði þjóðanna

**Nemandinn skal hafa öðlast leikni í að:**

- skilja talað mál um kunnugleg efni þegar talað er hægt og skýrt
- geta fylgt einföldum fyrirmælum og skilið helstu kveðjur og kurteisisávörp
- lesa einfalda texta sem innihalda algengan orðaforða sem tengist nemandanum, umhverfi hans og áhugamálum
- rita frönsku í mjög einföldu formi
- taka þátt í einföldum samræðum um efni sem hann þekkir eða hefur áhuga á og beita kurteisisvenjum og málsniði við hæfi
- segja á einfaldan hátt frá sjálfum sér, fjölskyldu sinni og athöfnum og atburðum daglegs lífs með því að beita orðaforða og framburði á sem réttastan hátt
- geta skrifað stuttan, einfaldan texta um sjálfan sig og sitt nánasta umhverfi, fyllt út einföld eyðublöð, skrifað póstkort o.fl.

**Nemandinn skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- greina einfaldar upplýsingar í mæltu máli

- skipuleggja nám og námsaðferðir við hæfi
- taka þátt í einföldum samræðum og nota mismunandi kveðjur og samskiptaform eftir aðstæðum
- vinna úr textum á mismunandi hátt eftir því hver tilgangur með lestrinum er hverju sinni
- segja frá persónulegum högum sem og einföldum staðreyndum um kunnugleg efni
- nýta þekkingu og leikni til að leysa úr viðfangsefnum einn eða í samstarfi við aðra
- meta eigið vinnuframlag og framfarir í áfanganum
- þróa með sér aga, metnað, sjálfstæð vinnubrögð, jákvæðni og trú á eigin getu í frönskunámi

## Námsmat:

Lokapróf	50%	
Munnlegt próf	10%	
Kaflapróf	20%	(2x10%, próf eftir 1. og 3. kafla)
Þemaverkefni	5%	(unnið eftir 2. kafla)
Vinnueinkunn	10%	
Vinumappa	5%	(skilað inn í lok annar til yfirferðar)

Nemandi verður að ná lágmarkseinkunn á lokaprófi til þess að einkunnir í lokaverkefnum og öðrum prófum séu teknar til greina í lokamati. Annars gildir lokapróf 100%. Öll annarpróf verður að taka og skila verður inn vinnumöppu til að fá lokaeinkunn. Vinnueinkunn samanstendur af eftirfarandi þáttum: Mæting, virkni í tímum, sjálfstæði í vinnubrögðum og verkefnaskil.

## Kennsluáætlun

1. vika	15.-16.9	Kynning/námsætlun, 1. kafli
2. vika	19.-23.9	1. kafli
3. vika	26.-30.9	1. kafli – <b>próf úr 1. kafla (10%)</b>
4. vika	3.-7.10	2. kafli
5. vika	10.-14.10	2. kafli
6. vika	17.-21.10	2. kafli
7. vika	26.-28.10	<b>Haustfrí 24.-25. þemavika (5%)</b>
8. vika	31.10.-4.11	3. kafli
9. vika	7.-11.11	3. kafli
10. vika	14.-18.11	3. kafli
11. vika	21.-25.11	<b>próf úr 2.-3. kafla (10%), 4. kafli</b>
12. vika	28.11-2.12	4. kafli, <b>munnlegt próf (10%)</b>
13. vika	5.-9.12	4. kafli, <b>skila vinnumöppu (5%)</b>
14. vika	12.-16.12	4. kafli
15. vika	4.-6.1/9.-10.1	Upprifjun fyrir lokapróf

Birt með fyrirvara um breytingar á framvindu náms og námsmati og ósk um gott samstarf.

Anna Eyfjörð Eiríksdóttir ([annae@ma.is](mailto:annae@ma.is))

Heiðís Halla Bjarnadóttir ([heiddishalla@ma.is](mailto:heiddishalla@ma.is))

Örn Þór Emilsson ([thor@ma.is](mailto:thor@ma.is))